

# STÍKLUR

um alþjóðamál

WWW.STIKLUR.IS • 30. MAÍ 2007 • 4.ÁRG. • WWW.UTANRIKISRADUNEYTIÐ.IS

## Ísland styrkir jafnréttisverkefni UNIFEM á Balkanskaga

Utánríkisráðuneytið hefur veitt stuðning að upphæð 200.000 Bandaríkjadala til verkefnis á vegum UNIFEM á Balkanskaga sem kallast *Advancing Women's Rights for Democratic Governance and Peace in South East Europe (SEE)*. Er þetta þriðja árið í röð sem íslensk stjórnvöld leggja fé til stuðningis jafnréttisbaráttu og til að auka réttindi kvenna á Balkanskaga, en íslenskir sérfræðingar hafa starfað að verkefninu undanfarin fimm ár með því að leggja til jafnréttisráðgjafa til áætlunarinnar. Nú er starfandi íslenskur friðargæsluliði að verkefninu í Serbíu og í sumar mun annar friðargæsluliði taka til starfa í Makedóníu.

Markmið verkefnisins er að efla vitund og skuldbindingar hins opinbera á sviði kvenréttinda og aðstoða borgaralegt samfélag við að vinna að baráttumálum kvenna á grundvelli samþykktu Sameinuðu þjóðanna. Áhersla verður lögð á stefnumótun í jafnréttismálum í Albaníu, Makedóníu, Svartfjallalandi og Serbíu, að styrkja jafnréttisvitund sýgunakvenna og eftirlit með jafnréttismálum í Serbíu. Auk þess verður unnið að tengslaneti á milli kvenna af ólíkum þjóðarbrotum í Serbíu og Kósóvó og gefið verður út rit um jafnréttismál í löndum þar sem friður hefur nýlega komist á.

Framlög Íslands til UNIFEM árið 2007 nema samtals ríflega 42 m.kr. Auk almenns framlags greiðir Ísland í Ofbeldissjóð UNIFEM og til verkefnis UNIFEM í Afganistan.



UNIFEM er þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir konur. Hann var stofnaður árið 1976 í kjölfar fyrstu heimsráðstefnu S.þ. um málefni kvenna, með það markmið auka þekkingu og skilning á málefnum kvenna, stuðla að bættum lífskjörum þeirra og auknum réttindum. UNIFEM heyrir undir Þróunarmálastofnun S.þ., UNDP. UNIFEM leggur áherslu á að konur séu virkir þátttakendur á öllum stigum stefnumótunar í þróunarsamvinnu aðildarríkja S.þ. og er brautryðjandi á sviði jafnréttismála í alþjóðlegri þróunarsamvinnu.

## Utánríkisráðuneytið styrkir baráttuna gegn ólöglegum fiskveiðum

Utánríkisráðuneytið kostar veru íslensks sérfræðings í fiskideild FAO sem mun vinna að fjareftirliti með skipum og rafrænum afladagbókum. Ísland hefur getið sér orð fyrir það á alþjóðavettvangi að vera í fremstu röð á þessu sviði. Verkefnið er unnið í samvinnu við sjávarútvegsráðuneytið og Landhelgisgæsluna. Sérfræðingurinn sem dvelur um þessar mundir hjá FAO er Gylfi Geirsson, starfsmaður Landhelgisgæslunnar. Gylfi er nú formaður tækninefndar N-A Atlantshafsfiskveiðisamtakanna (NEAFC).

Milli íslenskra stjórnvalda og FAO er samningur um skammtímastörf íslenskra vísindamanna hjá FAO. Samkvæmt þeim samningi bera stjórnvöld kostnaðinn af því að starfsmaður er frá þeirri vinnu sem hann sinnir á Íslandi. Á þeim grundvelli verður Gylfi Geirsson kostaður til starfa í 6 mánuði hjá stofnuninni. Gylfi er einn af reyndustu sérfræðingum Íslands á sviði fjareftirlitsmála og nýtur hann alþjóðlegrar virðingar í þessum efnum.

Þau verkefni sem Gylfi Geirsson mun vinna að innan FAO, verða m. a. að leggja spurningalista fyrir aðildarríki um fjareftirlit með skipum og úrvinnsla úr svörum, kynning á fjareftirliti í ýmsum deildum stofnunarinnar og kynning á eftirliti innan NEAFC í sambandi við ólöglegar fiskveiðar, IUU (illegal, unregulated, unreported fishing). Þá mun hann vinna að skýrslu um það, hvernig nota má fjareftirlitskerfi Landhelgisgæslunnar með skipum í öðrum gagnabönkum.

Í tilefni að veru Gylfa hjá FAO heimsótti forstjóri Landhelgisgæslunnar FAO nýverið. Á fundum hans með yfirmönnum fiskideildar FAO var m.a. rætt um aðra möguleika í þjálfun með fjareftirlit, en mikil þörf er á slíkri þjónustu, sérstaklega í þróunarríkjunum. Mikill áhugi er á því innan FAO að kanna framtíðarsamstarf við íslenska aðila á þessu sviði.



Fv: Gylfi Geirsson, gestasérfræðingur hjá FAO, Georg Kr. Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, og Guðni Bragason fastafulltrúi.